



SJÚKRALIÐINN

1.Tölublað

Febrúar 2001

Máttur samstöðunnar

Kjaramálanefnd og trúnaðarmenn félagsins hafa frá því í haust unnið að tillögum um breytingu á gildandi kjarasamningi sem kynnt hefur verið á fundum með félagsmönnum. Kynningin hefur aðeins náð til hluta félagsmanna og því er brugðið til þess ráðs að birta kröfugerðina í heild í "Sjúkraliðanum" svo öllum gefist kostur á að kynna sér málið.

Félagið krefst endurskoðunar á vinnutíma sjúkraliða og verulegra hækkunar launa. Það er deginum ljósara, að vilji atvinnurekendur tryggja tilvist sjúkraliða til framtíðar verða þeir að endurskoða huglægt mat sitt til hjúkrunarstarfa sem ekki eru metin af verðleikum. Við getum verið sammála um að hækka beri laun þessara stétta. Sjúkraliðar fá að njóta sannmælis fyrir erilsöm og ábyrgðarmikil störf. Hætt er við ef óskað er jöfnuðar við ýmis hefðbundin karla störf, þar sem krafa um ábyrgð og menntun er samþæfileg, komi annað hljóð í strokkinn. Sérstaklega þeim sem fastir eru í gömlum hugsunarhætti um mat á störfum.

Breyting á hugsanahætti er nauðsynleg ef búast á við að fólk, karlar sem konur leggi fyrir sig hjúkrunar- og aðhlynningarstörf. Nýleg rannsókn staðfestir að þrátt fyrir stóraukna menntun kvenna hefur árangur þeirra til jafnréttis miðar lítið sem ekkert. Árangur jafnréttisbaráttunnar, sókn til jafnari stöðu karla og kvenna til ábyrgðastarfa eða jafnræðis í launum er lítill. Það er því fullt tilefni fyrir jafnréttissinna að velja því fyrir sér. Hvar stöndum við? Hvert skal stefna?

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands hafa unnið að endurskoðun á ýmsu varðandi réttindi opinberra starfsmanna með

fulltrúum fjármálaráðherra, sveitarfélaganna o.fl. Þegar hefur náðst samkomulag um breytingu á veikindarétti og fæðingarorlofi við þessa aðila og við ríkið um aukið framlag til lífeyrissparnaðar. Haldið er áfram viðræðum um réttindi trúnaðarmanna og kjarasamningbundnar tryggingar. Auk þess sem BSRB og BHM hafa verið að skoða hugsanlega samstöðu um kröfugerð og samninga um vinnutíma- og vaktavinnukafla samninganna.



JÖTNAR eftir Grím Marínó við Fjarðarkaup í Hafnarfirði.

Þeir áfangar sem náðst hafa, marka tímamót sem ætti að kenna okkur að samtakamáttur launafólks getur lyft Grettistaki beri menn gæfu til að beita honum. Það er staðreynd að stéttarfélögin hafa til margra ára haft uppi kröfur um aukin réttindi, án þess að fá vitræna umræðu um málefnið. Svör atvinnurekanda hafa verið á eina lund, að ekki komi til greina að semja um slíka þætti við einstök stéttarfélög.

Kristín Á. Guðmundsdóttir.

MEÐAL EFNIS:

Kröfugerð félagsins
Krafa um betri afkomu

•
Sparnaður er dyggð
Samningur um lífeyrissparnað

•
Fjölskyldu og styrktarsjóður

•
Auglýsing OFA

•
Dómsmál
Bakvakt ekki forsenda frítöku

•
Að æra óstöðugan

•
Auglýsing minningarkort

•
Bréfaþakassinn

•
Samninganefnd SLFÍ

•
Auglýsing Ármúlaskólí

Kröfugerð félagsins

Krafa um betri afkomu

Kjarmálanefnd hefur gengið frá kröfum félagsins. Í þeim eru gerðar kröfur um leiðréttingar varðandi ýmsis ákvæði í gildandi samningum jafnframt því sem gerð er krafa um bætta afkomu og meira jafnræði með stéttum. Lögð er áhersla á að fá fram lagfæringu á vinnuumhverfi vaktavinnufólks, lengra orlof, aukna menntun og sjálfræði stéttarinnar. Sjón er sögu ríkari því er brugðið til þess ráðs að birta kröfugerð félagsins sem lögð verður til grundvallar í samningum þess við viðsejendur sem eru fjölmargir. Eins og horfir eru verulegar líkur á að aðildarfélag BSRB sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta varðandi kjör vaktavinnufólks muni sameinast um kröfur sínar undir merkjum bandalagsins í þeirri von og trú “að samstaða sé styrkur sem fátt fær staðist.”

Félagið krefst þess að laun og önnur starfskjör sjúkraliða verði tekin til endurskoðunar og breytt með tilliti til annarra stétta með sambærilega menntun og ábyrgð sem starfa að hjúkrun / umönnun og þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Launastigi

Óbreyttur 6 þrepa launastigi með 4% á milli þrepa og 3% á milli launaflokka.

Starfsaldursákvæði

- 22 ára < 1. þrep.
- 25 ára > 2. þrep.
- 28 ára > 3. þrep.
- 30 ára > 4. þrep.
- 35 ára > 5. þrep.
- 40 ára > 6. þrep.

Röðun starfa í launaflokka

Lagt er til að á samningstímanum og eigi síðar en 1. janúar 2002 skuli komið á starfsmati/framgangskerfi til röðunar á einstaklingum og starfsheitum í launaflokka. Af því tilefni er minnt á bókun 4 með kjarasamningi félagsins 30. ágúst 1997, sem er svohljóðandi:

“Á samningstímanum verði athugað hvort og þá hvernig starfsmat eigi að hafa áhrif á gerð kjarasamninga milli aðila í því skyni að ákvæði 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nái fram að ganga.”

Tillaga um breytingu á röðun sjúkraliða.

Lfl.	Starfsheiti	Almenn starfsskilgreining
S.1	Sjúkraliði 1	Starfar á/við: <ul style="list-style-type: none"> • Dauðhreinsum/Sóthreinsun • Félagþjónustu • Rannsóknarstofum • Röntgendeild

Lfl.	Starfsheiti	Almenn starfsskilgreining
S.2	Sjúkraliði 2	Starfar á: <ul style="list-style-type: none"> • Handlækningadeildum • Hjartalínuriti • Lyflæknisdeildum
S.3	Sjúkraliði 3	Starfar á: <ul style="list-style-type: none"> • Barnadeild • Bráðamóttöku • Gjörgæslu • Krabbameinsdeildum • Sambýlum fyrir aldrað • Sambýlum fyrir fatlaða • Skurðstofu • Slysa og sjúkravakt • Svæfingardeild • Vöknun • Vökudeild
S.4	Sjúkraliði 4	Starfar á: <ul style="list-style-type: none"> • Bráðageðdeild • Deildum fyrir sjúklinga með áfengis- og vímuefnavanda • Endurhæfingardeildum fyrir geðfatlaða • Endurhæfingardeild • Taugalækningadeild • Öldrunarlækningadeild • Öldrunarþjónustu á vist- og hjúkrunardeildum.
S.5	Sjúkraliði 5	Starfar á/við: <ul style="list-style-type: none"> • Blóðskilun • Heilaritun • Heimahjúkrun/heilsugæsla • Sérdeild fyrir heilabilaða • Speglnun
S.6	Sjúkraliði 6	Starfar á/við: <ul style="list-style-type: none"> • Starfar sjálfstætt á heilsugæslustöð að fjölþætum verkefnum. • Meðferðarráðgjafi á BUGL
D.1	Hópstjóri	Starfar sem umsjónaraðili með umönnun tiltekinna sjúklinga, verkefna og /eða stýrir verkum annarra sjúkraliða og starfsmanna.

Lfl.	Starfsheiti	Almenn starfsskilgreining
D.2	Verkstjóri	Starfar sem verkstjóri yfir tilteknum verkefnum/málaflokkum t.d. stoðdeildum sjúkrahúsa svo sem birgðadeildum eða öðrum sambærilegum deildum og stýrir verkum annarra starfsmanna.
D.4	Deildarstjóri	Starfar sem umsjónarmaður tiltekinnar starfsemi. Með umsjón er átt við skipulagningu á starfsemi og verkstjórn. Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til skjólstaðinga og geta leiðbeint og stýrt starfsmönnum. Starfar t.d. sem deildarstjóri þjónustu- og birgðadeildar, á dagvist fyrir aldraða eða í heimaþjónustu.
F.1	Aðstoðarfst.maður	Hefur eftirlit með heilsu fari heimilismanna. Fylgist með líðan þeirra og kallar til lækni og/eða hjúkrunafræðing ef ástæða þykir til. Sér um skráningu og eftirlit með þeim þáttum sem varða umönnun, þjálfun og afþreyingu heimilismanna í samráði við forstöðumanna. Veitir öðru starfsfólki fræðslu og stuðning í starfi. Er staðgengill forstöðumanns í fjarveru hans.

F.3 Forstöðumaður Forstöðumaður

Laun sjúkraliðanema í verkþjálfun

Laun sjúkraliðanema, sem á verknámstíma starfa á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða öðrum heilbrigðisstofnunum skulu vera sem svarar tveimur launaflokkum lægri en laun fullgildra sjúkraliða samkvæmt gr. 1.3.5 um grunnröðun viðkomandi starfa.

Um réttindi sjúkraliðanema í verknámi fer eftir því sem við á, skv. reglum um réttindi lausráðinna starfsmanna ríkisins til launa í veikindum, fjarvasta vegna veikinda barna, barnsburðarleyfis og fleira.

Undirmönnun á vakt, ný grein

Gerð er krafa um að þegar starfsfólk forfallast eða vantar á skipulagða vakt skuli í öllum tilvikum kalla út í stað þess sem vantar. Komi til þess, að ekki fái starfsmaður til afleysinga, skal þeim sem gegna störfum þess forfallaða umbunað með greiðslu í yfirvinnu jafngildi þess sem staðgengill /staðgenglar hefðu kostað deildina.

Laun sjúkraliða á næturvöktum

Sjúkraliði sem ráðin er á næturvaktir í a.m.k. 3/5 hluta af fullu starfi skal raða tveimur launaflokkum ofar en ella. Sama gildir um sjúkraliða sem leysir af vegna skorts eða forfalla á



deildum. (hlaupari) honum skal raðað tveimur launaflokkum hærra en starfi er raðað á þeirri deild er hann starfar við hverju sinni. Sjúkraliða sem falið er að leiðbeina öðrum sjúkraliða eða starfsfólki sem hefur störf á deild eða er í aðlögun skal raða tveimur launaflokkum ofar en ella, enda sé hann ekki í stöðu yfirmanns og raðað sem slíkom.

Sérstök verkefni

Ákvæði greinar 1.3.6 tekur til sjúkraliða sem grunnraðað er í launaflokka S 1 til S 9.

Viðbótarákvæði til skýringar á framkvæmd gr. 1.3.6 :

- Séu vaktir skipulagðar með þeim hætti, að sjúkraliðar séu á vakt án þess að hjúkrunafræðingur, ljósmóðir eða þroskaþjálfari sé á deildinni, telst vinnan uppfylla skilyrði greinarinnar. Þeim sjúkraliðum sem taka þannig vaktir skal raðað tveimur launaflokkum hærra en ella. Vakt samkvæmt framansögðu telst skipulögð sé hún á varðskrá sem lögð er fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst.
- Vinni sjúkraliði einstakar vaktir við sérstök verkefni vegna tilfallandi forfalla hjúkrunafræðings, ljósmóður eða þroskaþjálfara skal það bætt með einni klst. í yfirvinnu fyrir hverja slíka vakt sem uppfyllir skilyrði gr. 1.3.6.
- Sjúkraliði sem tekur þátt í eða starfar við einstaklingshæfa hjúkrun skal raða tveimur launaflokkum ofar en ella

Hækkun vegna starfsþjálfunar

- Eftir 3 mánuði í starfi skal sjúkraliði hækka um einn launaflokk.
- Eftir 1 ár í starfi skal sjúkraliði raðast tveimur launaflokkum ofar en ella.

Viðbótarnám

Sjúkraliði sem lokið hefur eins árs framhaldsnámi í hjúkrun og öðlast rétt til sjálfstæðrar hjúkrunar skal raða fjórum flokkum ofar en ella.

Kjaratengd námskeið

Sjúkraliði sem lokið hefur námskeiðum sem nýtast í starfi og viðurkennd eru af samningsaðilum skulu hækka í launum sem hér segir:

- Sjúkraliði sem lokið hefur 60 kst á námskeiðum skal hækka um einn launaflokk.
- Sjúkraliði sem lokið hefur 120 kst á námskeiðum skal hækka um einn launaflokk.
- Sjúkraliði sem lokið hefur 200 kst á námskeiðum skal hækka um einn launaflokk.

Yfirvinnukaup

Öll yfirvinna í vaktavinnu sem unnin er utan dagvinnumarkna skal greidd með yfirvinnukaupi ásamt vaktaálagi.

Vaktaálag og álagsgreiðslur

Vaktaálag reiknast af tímakaupi í dagvinnu í hverjum launaflokki miðað við það launaþrep sem starfsmaður tekur laun eftir, þó aldrei lægra en fjórða þrepi.

Álag fyrir vinnu utan dagvinnumarkna, óþægindi og eyður í vinnutíma:

- Vaktaálag 35% frá kl. 17:00 til 24:00 mánudaga til fimmtudags
- “ 55% frá kl. 16:00 til 24:00 á föstudögum
- “ 55% frá kl. 08:00 til 24:00 laugardag, sunnudag og sérst. frídögum
- “ 65% frá kl. 00:00 til 08:00 alla daga.
- “ 100% frá kl. 00:00 til 24:00 á stórhátíðum.

Desemberuppbot

Starfsmaður skal fá persónuuppbot sem nemur 50% af mánaðarlaunum eða meðaltal þeirra, hafi hann unnið í breytilegu starfshlutfalli á viðmiðunartímanum. Láti starfsmaður af störfum á ávinnslutímanum skal hann fá persónuuppbot greidda miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Vinnutími

- Sjúkraliði sem vinnur 80% vinnuvikunnar þ.e. í 32 klst. á næturvöktum telst skila jafngildi fullrar vinnuviku, án skerðingar á launum.
- Vinnuvika vaktavinnumanns sem vinnur á sólarhringsvökt um alla daga vikunnar skal vera 36 stundir án skerðingar á föstum launum.
- Vinnuvika vaktavinnumanns sem vinnur dag- og kvöld vaktir alla daga vikunnar skal vera 38 stundir án skerðingar á föstum launum. Það telst næturvakt ef 3 klst. vaktarinnar falla á tímann frá 22:00 til 08:00.

Útköll

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir minnst 4 klst., nema vinna hans hefjist innan fjögurra klst. Sama gildir um fundi sem starfsmenn eru boðaðir til utan vinnutíma.

Frí í stað yfirvinnu

Sjúkraliði skal eiga rétt á að taka frí í stað greiðslu fyrir yfirvinnu, þannig að einungis yfirvinnuálagið sé greitt, en fríið tekið tíma á móti tíma. Frí samkvæmt greininni skal tekið í samráði við stjórnanda.

Hvíldartími

Á skipulögðum vaktaskiptum, þegar starfsmaður skiptir á milli vaktalotna er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að 9 klst. að hámarki einu sinni í viku.

Hvíld eftir aukavakt skal ekki skemmri en 11 klst. Náist hvíldin ekki skal starfsmaður eiga rétt á frítöku 1.5 klst fyrir hverja klukkustund sem hvíld hans skerðist.

OFA -

Sjúkraliðar athugið:

- OFA - Stoðsokkar, geta ráðið miklu um líðan þína.
- OFA - Bætur blóðrásina, eykur vellíðan.
- OFA - Hindrar bólgu og bjúg á liðamótum og dregur úr þreytu.
- OFA - Eykur loftstreymi um fætturna og minnkar svita.
- OFA - Er gæðavara úr bómull.
- OFA - Til stuðnings, styrktar og bætur heilsuna.
- OFA - Sjúkrasokkar, hnéháir verð kr. 1,300.-
- OFA - Stærðir 36 - 44.
- OFA - Litir: hvítir ljósbrúnir og dökkbláir.
- OFA - Sjúkrasokkabuxur verð kr. 1,800.-, brúnar. (Natur.)

Sjúkrasokkar

Sjúkraliðafélagið hefur í umboðssölu þýska

sokkabuxur og sjúkrasokka frá OFA

Otto Fankhanel & Sohn. Vörur frá OFA

hafa reynst vel starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og störfum þar sem mikið reynir á fætur.

Pantanir og upplýsingar eru veittar á skrifstofu

félagssins í síma 553 - 9493 eða 553 - 9494.

Fax 553 - 9492.

Gæsluvaktir bakvaktir

Sjúkraliði skal eiga rétt á fríu í stað greiðslu:

- 21 mínúta jafngildir 35% álagi í eina klst
- 33 mínútur jafngilda 55% álagi
- 39 mínútur jafngilda 65% álagi
- 60 mínútur eru jafngildi 100% álagi

Sjúkraliði sem vill notfæra sér þetta ákvæði skal tilkynna það fyrirfram til atvinnurekanda með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðarmót og skal það gilda í a.m.k. þrjá mánuði. Á sama hátt skal segja samkomulaginu upp með eins mánaðar fyrirvara. Um töku bakvaktafrís gilda hliðstæðar reglur og um töku helgidagafrís.

Leyfi vegna bakvakta

Fyrir reglubundnar bakvaktir skulu veitt frí sem svarar mest 12 dögum fyrir hverjar 1440 klst. á gæsluvakt á ári, en hlutfallslega færri daga fyrir skemmri gæsluvaktir.

Helgidagafrí

Leyfi í stað greiðslu fyrir vinnu á sérstökum frídögum skal reiknað 96 klst. fyrir fullt starf og hlutfallslega minna fyrir vinnu hluta úr ári eða hlutastarf. Gerð er ítarleg krafa um ávinnslu og töku helgidagleyfis og það fýrnist ekki. Ótekið leyfi innan skilgreindra tímamarka verði greitt út sem hlutfall af mánaðarlaunum.

Matar- og kaffítímar vaktavinnumanna

Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka tímasetta matar og kaffítíma. Starfsmenn skuli taka matar- og kaffítíma sína þegar því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að framan greinir á matar- og kaffítímum, skal telja hverja vakt sem unnin er til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nemur. Mælist vinnutími þannig lengri en umsamin vinnuskylda, skal það sem umfram er greiðast sem yfirvinna.

(Semja þarf um sérstök eða skýrandi ákvæði um greiðslu vegna vakta sem eru skemmri en 6 klst. eða standa lengur en 10 klst.)

Stytting vinnuskyldu í vaktavinnu vegna aldurs

Sjúkraliðar skulu undanþegnir næturvöktum ef þeir óska þess er þeir hafa náð 50 ára aldri. Einstaklingur sem nýtir sér rétt sinn til að vera undanþeginn næturvöktum skal einskis missa varðandi laun sem hann hefur áunnið sér samkvæmt kjarasamningi.

Vinna með boð- eða kalltæki

Sjúkraliði sem ber boð- eða kalltæki og er skylt að sinna kalli samstundis, skal fá greiddar 25 mínútur á dag vegna skerðingar á matar og kaffítímum.

Greiðsla matarpeninga

Sjúkraliði á vakt, sem ekki nýtur mataraðstöðu skal fá það bætt með greiðslu fæðispeninga sbr. gr. 3.4.4

Skyldumatur greiðslur

Starfsmenn á elli- og hjúkrunarheimilum eða stofnunum fyrir þroskahefta og fatlaða sem skylt er að matast með heimilisfólki eða vistmönnum skulu undanþegnir greiðslu fyrir þær máltíðir.

Orlof

Sjúkraliði sem nær 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir fær að auki orlof sem svara til 24 klst. í dagvinnu. Sjúkraliði sem nær 38 ára aldri fær enn að auki orlof sem svara til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Orlofsfé

Sjúkraliði skal fá 10.17% orlofsfé af yfirvinnu og álagsgreiðslum samkvæmt samningi. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59% og við 38 ára aldur skal hann fá 13.04%. Starfsmaður skal eiga þess kost að velja á milli orlofsfjár og reglubundinna launa þ.e. vaktaálags samkvæmt vaktskrá á meðan hann er í orlofi. Sá sem óskar eftir að breyta vali sínu skal tilkynna það skriflega til viðkomandi stofnunar fyrir 1. apríl. Breytingin tekur þá gildi 1. maí það sama ár.

Orlofsframlag

Sjúkraliði sem starfar samkvæmt kjarasamningi félagsins skal 1. júní ár hvert fá greiðslu sem nemur 50 % af föstum mánaðarlaunum. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Réttur til orlofsframlags ávinnst á orlofstíma frá 1. maí til 30. apríl. Láti sjúkraliði af störfum á ávinnslutímanum skal hann fá orlofsframlag greitt miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Endurgreiðsla orlofs

Sjúkraliði sem ekki hefur tekið áunnið orlof, sem er eldra en tveggja ára og ekki liggja fyrir sérstakar skýringar svo sem vegna barnsburðarleyfis, langvarandi veikinda, eða aðstæðna á deild/stofnun, skal eiga rétt á að fá eftirstöðvar þess endurgreiddar sem hlutfall af mánaðarlaunum 1. júní.



Kröfugerð félagsins borin undir félagsmenn á almennum kjarmála fundi í Rúgbrauðsgerðinni við Borgartún 21. nóvember s.l. Mikill fjöldi sjúkraliða mætti á fundinum.

Tryggingar

Slysatryggingar sjúkraliða skulu teknar til endurskoðunar og bótagrunnur hækka í tíu miljónir. Trygging starfsmanna vegna örorku eða dauða skal sú sama hvort heldur slysið sem veldur miska/tjóninu verður í starfi eða utan þess.

Við orðalagið “varanleg örorka” komi í sviga (“varanlegur miski” eða “læknisfræðileg örorka”) Ástæðan er breyting sem varð á skaðabótalögum nr. 50/1993, en með þeim varð grundvallarbreyting á örorkumati og bótareglum þeim tengdum.

Miska og sársaukabætur

Sjúkraliðar skulu tryggðir fyrir meiðslum og öðru tjóni sem þeir verða fyrir í starfi, samkvæmt hliðstæðum reglum sem gilda um rétt lögreglumanna og fangavarða skv. lögum.

Staðgengilslaun

Staðgengilslaun skulu greidd eftir 5 dag sé starfsmanni falið að gegna störfum herra launaðs starfsmanns.

Fyrirframgreidd laun

Sjúkraliði sem ráðinn er ótímabundinni ráðningu getur ef hann æskir þess fengið fyrirframgreiðslu mánaðarlauna.

Yfirvinnuskylða

Skylt er sjúkraliða að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum nema þeim sem gegnir öryggisþjónustu skylt að vinna meiri yfirvinnu en sem nemur fimmtungi af umsaminni vikulegri vinnuskylðu.

Símenntun sjúkraliða

Aðilar eru sammála um að efla menntun og símenntun sjúkraliða til að koma til móts auknar þarfir samfélagsins fyrir þjónustu heilbrigðisstétta. Í því skyni að auðvelda sjúkraliðum að sækja viðbótarnám og standa undir kostnaði af skiplagningu, fræðslu og rekstri námskeiða greiða atvinnurekendur 0.35% af heildarlaunum sjúkraliða í sérstakan sjóð “Símenntunarsjóð SLFÍ”.

Hlutverk sjóðsins verður m.a. að jafna aðstöðu og auðvelda aðgengi sjúkraliða til náms, án tillits til búsetu m.a. með efldu fjarnámi. Samningsaðilar munu í sameiningu koma sér saman um reglur varðandi starfsemi sjóðsins.

Starfsmenntunarsjóður

Félagið leggur til að framlag til Starfsmenntunarsjóðs verði tekið til endurskoðunar og hækkað, að höfðu samráði við stjórnendur sjóðsins. Í ljós hefur komið að honum er ókleift að standa undir kostnaði af þeirri framhaldsmenntun sem ætlast er til að sjúkraliðar afli sér með þátttök í námskeiðum sbr. gr. 1.3.9 í kjarasamningi félagsins.

Réttindi vegna tæknifrjógunar

Sjúkraliði sem er fjarverandi vegna tæknifrjógunar og/eða glasafjrjógunar skal halda föstum launum með fullu vaktalági meðan leyfið varir, í allt að 15 vinnudaga.

Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar.

Sjúkraliði sem leggur lögheimilað viðbótarframlag 2/4% í séreignasjóð skal fá jafnhátt framlag atvinnurekanda til sjóðsins.

Viðauki með kjarasamningi

Félagið leggur áherslu á að við gerð kjarasamnings félagsins verði reynt til þrauta að ná settum markmiðum fyrri samninga “að farið verði yfir frávikin á hverjum stað í þeim tilgangi að samræma kjarasamningana eftir því sem unnt er.” Sbr. tl. 2.3 í Bókun 2 um viðauka með kjarasamningum félagsins.

Samningsforsendur

Félagið er reiðubúið til að leita leiða til samkomulags um að kjarasamningur þess taki til lengri tíma en tveggja ára. Náist ásættanlegt samkomulag um fyrirvara að launaliður kjarasamningsins tekin til endurskoðunar. ef þróun verðlags hér á landi gefi tilefni til þess. Til grundvallar þess mats verði stuðst við breytingu neysluvörusítoðu innan tiltekinna marka.

Gildistími

Gildistími samningsins er samkomulagsatriði sem ræðst af niðurstöðum samningaviðræðna, tryggingaákvæðum og kjarasamningum annarra aðila.

Fyrirvari I

Samninganefnd félagsins gerir þann fyrirvara með framlagðri kröfugerð að hún áskilur sér rétt til að leggja fram viðbótarkröfur og/eða endurskoða einstaka þætti hennar eftir því sem tilefni gefst til eða aðstæður krefjast, meðan á viðræðum stendur.

Fyrirvari II

Sérákvæði í samningum félagsins og röðun sjúkraliða á Skjólgarði, Garðvangi Garði, St. Franciskusjúkrahúsinu í Stykkishólmi, Sjúkrahúsi Suðurnesja og í Vestmannaeyjum, Skógarbæ, Reykjalundi, Eir, Skjól og í Holtsbúð sem eru öðruvísi en í samningi þessum skulu haldast óbreytt þar til um annað kann að semjast.



Á fundi með sjúkraliðum á Akranesi þar sem rætt var um ýmis félagsleg málefni og kröfurgerð félagsins.

Sparnaður er dyggð

Samningur um lífeyrissparnað ríkisstarfsmanna

Skömmu fyrir jól var undirritað samkomulag milli fjármálaráðherra annarsvegar og BSRB, BHM og KÍ um viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar sem tekur gildi 1. janúar 2001. Samkomulagið tekur til allra aðildarfélaga samtakanna auk Félags ísl. leikskólakennara og verður hluti af kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaganna við fjármálaráðuneytið og þeirra aðila annarra sem það tekur til. Fyrir liggur að bandalögin hafa leitað eftir viðræðum um sama efni við Launaneftnd sveitarfélaganna.

Í samkomulagi BSRB, BHM og KÍ við fjármálaráðuneytið felst fyrirheit um viðbótarframlag atvinnurekanda í séreignasjóð. Leggi starfsmaður til 2% í séreignasjóð greiðir atvinnurekandi sem samningurinn tekur til 1% af launum á móti inn á séreignasjóð starfsmannsins. Samkomulagið næst fram í tveimur áföngum þann 1. janúar 2001 er framlag atvinnurekanda 1% af launum, sem hækkar í 2% 1. janúar 2002. Framlag atvinnurekanda er óháð 0.4% viðbótarframlagi samkvæmt lögum, sem greitt er af tryggingagjaldi launþega miðað við 4% sparnað að hámarki

Þegar samkomulag við fjármálaráðherra um viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar verður komið að fullu til framkvæmda 1. janúar 2002 getur sparnaður af heildarlaunum orðið mestur 6,4%. Til að njóta 2% framlags atvinnurekanda er starfsmanni þó nægjanlegt að leggja fyrir 2% af launum.

Dæmi um sparnað:

01.01.2001

- 2% sparnaður 1% framlag fjármálaráðherra
0.2% af tryggingagjaldi = 3.2%
- 4% sparnaður 1% framlag fjármálaráðherra
0.4% af tryggingagjaldi = 4.4%

01.01.2002

- 2% sparnaður 2% framlag fjármálaráðherra
0.2% af tryggingagjaldi = 4.2%
- 4% sparnaður 2% framlag fjármálaráðherra
0.4% af tryggingagjaldi = 6.4%

Skilyrði til að starfsmaður njóti viðbótarframlags atvinnurekanda er að hann leggi a.m.k. fram 2% í séreignasjóð. Starfsmaður getur samkvæmt reglum um séreignasjóði til lífeyris, breytt greiðslum sínum til sjóðsins eftir efnunum og ástæðum. Af þeim sökum getur hann hækkað greiðslur sínar eða lækkað og jafnvelt fellt þær niður með tilteknum fyrirvara. Við það missir hann af hvoru tveggja, framlagi atvinnurekanda og lögbundnu mótfamlagi af tryggingagjaldi.

Sparnaður launafólks í viðurkenndan séreignasjóð er undanþeginn tekjuskatti.

SAMKOMULAG

Bandalags háskólanna, BSRB og Kennarasambands Íslands

og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
um viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar.

kafli: Um viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar

1.1 Nýr kafli um viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar orðist svo:

Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignasjóð greiðir vinnuveitandi framlag á móti með eftirfarandi hætti:

Frá 1. janúar 2001 skal mótfamlag vinnuveitenda vera 1% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Frá 1. janúar 2002 skal mótfamlag vinnuveitenda nema 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Gildistaka

1.2.1 Samkomulag þetta tekur gildi hinn 1. janúar 2001 fyrir öll aðildarfélög hlutaðeigandi samtaka auk Félags íslenskra leikskólakennara og verður hluti af kjarasamningi hlutaðeigandi stéttarfélaganna.

Reykjavík 20. desember 2000

F.h. fjármálaráðherra
Gunnar Björnsson, sign.

Ásta L. Leósdóttir, sign.
Sigrún V. Ásgeirsdóttir, sign.
háskólanna

F.h. aðildarfélaga BSRB og
Félags íslenskra leikskólakennara e.u.
Ögmundur Jónasson, sign.

F.h. aðildarfélaga Bandalags
Björk Vilhelmsdóttir, sign.

F.h. Kennarasambands Íslands
Eiríkur Jónsson, sign.

Sjúkraliðinn

Útgefandi:
Sjúkraliðafélag Íslands
Grensásveg 16, 108-Reykjavík

Sími: 553 9493 og 553 9494
Símbref: 553 9492

Ábyrgðarmaður:
Kristín Á. Guðmundsdóttir

Ritnefnd:
Hjördís Geirsdóttir
Hólmfríður Sigurjónsdóttir
Linda Gustafson
Hanna Sigurjónsdóttir

Umsjón:
Gunnar Gunnarsson

Prentvinnsla:
Skemmuþrent

Fjölskyldu og styrktarsjóður

Um áramótin tók Fjölskyldu og styrktarsjóður opinberra starfsmanna til starfa. Sjóðurinn er fjármagnaður af atvinnurekendum sem leggja til hans 0.41% af öllum launum þeirra starfsmanna sem hjá þeim starfa og eiga aðild að sjóðnum. Framlag atvinnurekenda skiptist þannig að 0.30% renna til styrktarsjóðs sem ætlað er til stuðla að bættu heilsufari félagsmanna m.a. með greiðslu hjúkrunar og sjúkrakostnaðar og til forvarna eftir því sem efni og aðstæður hans leyfa. Til fjölskyldusjóðs er framlagið 0.11% en hann er miðlægur fyrir alla opinbera starfsmenn sem eiga kröfu til hans um stuðning. Hlutverk hans er að bæta konum það sem ávantar að þær haldi óskertum greiðslum í fæðingarorlofi m.t.t. fyrri reglna.

Skrifstofa Fjölskyldu- og styrktarsjóðs opinberra starfsmanna verður staðsett á fyrstu hæði í BSRB húsinu að Grettisgötu 89, í Reykjavík. Skrifstofa sjóðsins mun veita allar nauðsynlegar upplýsingar um sjóðinn, réttinda og aðra þjónustu sem hann veitir félagamönnum aðindarfélaga BSRB, BHM, KÍ og Félags íslenskra leikskólakennara. Starfsmaður sjóðsins er Ólafur B. Andrésson. Sími á skrifstofu 511 5505, Fax: 511 5506. Veffang: fos@netheimur.is

Fræðslurit um fæðingar og foreldraorlof

Samtök opinberra starfsmanna hafa í sameiningu gefið út bækling með greinargóðum upplýsingum um fæðingar og foreldraorlof með ýmsum dæmum til glöggvunar fyrir þá sem vilja kynna sér réttindi sín. Í bæklingnum eru ennfremur birt löggin í heild ásamt samkomulagi sem bandalög opinberra starfsmanna hafa gert við ríki, sveitarfélög og fjölmarga aðra aðila um greiðslur til Fjölskyldu og styrktarsjóðs opinberra starfsmanna.

Foreldrum auðveldað að gegn skyldum sínum

Lögunum um fæðingarorlof og stofnun fjölskyldu og styrktarsjóðs er ætlað að auðvelda foreldrum, mæðrum og fedrum að samræma þær skyldur sem starf þeirra og foreldrahlutverk leggja á herðar þeirra. Það er gert með því að lögbinda jafnan

rétt foreldranna, bæði kvenna og karla sem að fullu verða komin til framkvæmda 1. janúar árið 2003. Eyðublöð fyrir um umsókn til Fæðingarorlofssjóðs og nánari upplýsingar um efnið er hægt að nálgast á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins www.tr.is og tilkynningareyðublað um fyrirhugað fæðingarorlof til atvinnurekenda er að finna á heimasíðu BSRB www.bsrb.is

Fæðingar- og foreldraorlof opinberra starfsmanna



Samtök opinberra starfsmanna BSRB, BHM, KÍ hafa í sameiningu gefið út bækling með greinargóðum upplýsingum um fæðingar og foreldraorlof opinberra starfsmanna

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands

Skrifstofa félagsins er að Grensásvegi 16, 108 Reykavík.

Sími 552 9493 eða 552 9494. Símanúmer 553 9492

Heimasíða félagsins er www.slfi.is

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, netfang: kristin@slfi.is

Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri netfang: gunnar@slfi.is

Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, netfang: birna@slfi.is

Margrét Tómasdóttir, bókarí: netfang: margret@slfi.is

Skrifstofan er opin alla virka daga, mánudag til föstudags frá kl. 09:00 til 17:00.

Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrekstur

fyrir félagið og félagsmenn.

Skrifstofan annast sjóði félagsins s.s. félagssjóð, orlofssjóð, Minningar og styrktarsjóð, Fræðslusjóðinn Framför, Vinnudeilu og verkfallssjóð auk þess sem hún annast afgreiðslu erinda til Starfsmenntunarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsíbúð og orlofshúsum félagsins yfir vetrarmánuðina auk þess annast starfsfólk hennar afgreiðslu og umsjón orlofshúsa félagsins í umboði Orlofsnefndar yfir sumarmánuðina.

Framkvæmdastjórn SLFÍ skipa:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður. kristin@slfi.is

Valgerður Reginsdóttir, varaformaður.

Guðrún Sverrisdóttir, gjaldkeri. garun@visir.is

Helga Dögg Sverrisdóttir, ritari. helgadol@mi.is

Dómsmál

Bakvakt ekki forsenda frítöku

Meginregla að telja aðeins virkan vinnutíma

Fyrir Félagsdómi var tekist á um túlkun og framkvæmd kjarasamnings um ávinnslu frítöku, vegna bakvakta. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að einungis vinna á útkalli teldist eiginlegur vinnutími sem væri forsenda fyrir ávinnslu frítökuréttar, en ekki tíminn sem starfsmaður er tiltækur og bíður útkalls. Erna Guðmundsdóttir lögmaður BSRB hefur tekið saman niðurstöð dómsins sem hér fer á eftir, til fróðleiks fyrir þá sem lát sig málið varða.

Dómur Félagsdóms frá 12. desember 2000 máli nr. 13/2000, Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands vegna S gegn íslenska ríkinu og Landhelgisgæslu Íslands.

Krafa um ávinnslu frítöku vegna bakvakta

Flugvirkjafélag Íslands krafðist þess að viðurkennt yrði að flugvirki, S, hjá Landhelgisgæslu Íslands hefði öðlast níu klukkustunda frítökurétt er hann var kallaður til vinnu á bakvakt frá kl. 18.00 á laugardegi til kl. 03.00 aðfararnótt sunnudags. Í málinu var deilt um hvort S hefði öðlast frítökurétt í samræmi við grein 04.-8.3. sbr. grein 04.-8.4. í kjarasamningi flugvirkja. S byggði kröfu sína á því að samkvæmt kjarasamningi hafi hann átt rétt á 11 tíma hvíld fyrir venjubundið upphaf næsta vinnudags þar sem unnið hefði

verið á undan frídegi eða helgi. Miðað við upphaf venjulegs vinnudags. kl. 08.00 hafi hann aðeins fengið fimm tíma hvíld er þýddi samkvæmt fyrrenfundum reglum að hann hafi átt rétt á einni klst. í frítökurétt fyrir hverja klst. eða níu klst. í frítökurétt.

Af hálfu Landhelgisgæslunnar var á því byggt að umrætt ákvæði greinar 04-8.4. ætti ekki við í tilviki S þar sem að með orðalaginu frídegi eða helgi í greininni væri átt við eiginlegt frí. Því væri ekki til að dreifa þegar um bakvakt væri að ræða enda starfsmaðurinn þá bundinn skilyrtri vinnuskyldu á bakvaktinni sem greidd hafi verið með bakvaktarálagi.

Bakvakt ekki lögð að jöfnu við virkan vinnutíma

Í niðurstöðu Félagsdóms er vísað til ákvæða í kjarasamningi um að með bakvakt sé átt við að "starfsmaður sé ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli." Þá tekur dómurinn fram að hvorki í kjarasamningum milli aðila né lögum, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sé fjallað um það hvernig virða beri bakvakt með tilliti til vinnutíma og hvíldartíma. Ljóst sé að bakvakt feli í sér viðveruskyldu, sbr. m.a H 1993:2147, og setji viðkomandi starfsmanni skörður.

Í niðurlagi dómsins segir:

"Þegar eðli umræddra bakvakta



Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BSRB.

samkvæmt kjarasamningi aðila er virt og þegar litið er til óljóss orðalags kjarasamningsákvæða þeirra sem stefnandi byggir á þar sem ekkert er að bakvöktum vikið, verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á að S hafi öðlast frítökurétt þann sem krafist er viðurkenningar á í máli þessu."

Landhelgisgæslan og ríkið voru því sýknuð af kröfum stefnanda, Flugvirkjafélags Íslands, í málinu.

Í forúrskurði dómstóls EU frá 3. október sl. í máli C-303/98 komst dómstóllinn að sambærilegri niðurstöðu og í ofangreindum félagsdómi. Í því máli var m.a. fjallað um bakvaktir lækna á heilsugæslustöð í Valencia á Spáni. Taldi dómurinn að einungis vinna í útkalli teldist til eiginlegs vinnutíma en ekki tíminn sem læknir er tiltækur og bíður útkalls nema þess sé krafist að bakvaktartímanum sé varið á vinnustað.



Að æra óstöðugan

Um áramót eru það mörgum umhugsunarefni hvort og hvernig skynsamlegast sé að nýta sér tilboð stjórnvalda um skattaafslátt, með kaupum á hlutabréfum í tilteknum fyrirtækum og sjóðum. Það getur ært hvern meðal Jón, að komast að sannfærandi niðurstöðu um hvernig hann getur með öruggum hætt sitt ávaxti sparifé sitt. Bæði með tilliti til öryggis og ekki síður hvernig bestri ávöxtun sé náð.

Áhyggjur forseta vors

Forseti landsins gerði það að umtalsefni í áramótaávarpi sínu þær umbyltingar sem orðið hafa á skömmum tíma í meðferð og vörslu fjármuna. Hann hafði af því áhyggjur, að margur maðurinn og mörg fjölskylda hefðu reist sér hurðarás um öxl og ætti undir högg að sækja með að halda íbúðinni, vegna offjárfestinga og veðsetninga til að taka þátt í þeim darraðardans sem um tíma virtist færa fjölda manns skjót-fenginn

hagnað. Fljótt skipast veður í lofti, það eru gömul sannindi og ný, að allt sem einu sinni fer upp, kemur fyrir en síðar niður

aftur.

Að höndla sannleikann

Fyrir einstakling sem ekki hefur gert sér það að atvinnu að tileinka sér hugsanahátt fjáraflamannsins, er erfitt að skilgreina og höndla sannleikann. Fjölmargir sjóðir leggja út snörur sínar í auglýsingum, fyrir auðtrúa fólk með upphrópunum og yfirlýsingum um að þeir séu bestir. Hver kannast ekki við auglýsingar eins og: "Besta ávöxtunin s.l. 1 og 5 ár." "14% ávöxtun s.l. ár" "Veldu bara þann besta." Ávöxtun okkar 23.5% s.l. 5 ár.

Hverju skal trúá

Í auglýsingu frá Búnaðarbankanum fyrir áramótin er birt tafla sem óháður aðili hefur tekið saman um ávöxtun nokkurra skattaafsláttasjóða sem áhugavert er að skoða. Upplýsingar sem nauðsynlegt er fyrir þá að kynna sér, sem hyggjast fjárfesta í umræddum hlutabréfasjóðum. Í framtíðinni er fróðlegt og nauðsynlegt fyrir fjárfesta að þekkja vefsíðu "Lánstrausts

Sjóður	3 mán.	6 mán.	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár	Breyting síð. mán.
Hlutafélög – ísl. hlutabréf								
Íslenski Fjársjóðurinn hf	-15.9%	-13.5%	13.6%	17.73%	9.73%	7.75%	22.95%	-4.42%
Vaxtasjóðurinn hf	-17.8%	-15.2%	2.3%	16.34%	7.13%	7.59%	-	-10.67%
Hlutafélög alþjóðl. hlutabréf								
HMARK Hlutabr.markaður hf.	-6.7%	1.2%	3.8%	7.98%	11.81%	-	-	-4.16%
Hlutafélög blönduð verðbréf								
Almanni hlutabréfasjóðurinn hf	-9.0%	-9.0%	-4.9%	6.81%	5.11%	6.02%	12.73%	-2.05%
Auðlind hf	-9.3%	-6.3%	7.8%	14.91%	10.14%	10.85%	18.50%	-2.16%
Hlutabréfasjóður BÍ hf	-7.6%	-5.8%	13.1%	19.07%	14.36%	13.40%	-	-1.35%
Hlutabréfasjóður Íslands hf	-6.4%	-5.0%	-0.2%	10.84%	6.58%	6.98%	13.62%	-4.26%
Hlutabréfasjóðurinn hf	-9.2%	-11.4%	0.2%	9.05%	8.09%	8.06%	13.88%	-2.68%
Íslenski verðbréfasjóðurinn	-11.8%	-5.7%	0.8%	12.05%	8.54%	8.02%	14.53%	-2.61%

Upplýsingar um ávöxtun nokkurra viðurkenndra fjárfestingasjóða síðastliðin fimm ár. Samkvæmt töflunni hér að ofan eiga allir sjóðirnir það sameiginlegt að ávöxtun þeirra allra er neikvæð a.m.k. síðustu sex mánuðina.

Minningarkort

Sjúkraliðar eru minntir á, að á vegum Sjúkraliðafélags Íslands hefur verið stofnaður minningar og styrktarsjóður. Sjóðurinn eru fjármagnaður með sölu minningarkorta og rennur allur hagnaður af sölu kortanna óskiptur til sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja félagsmenn sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna veikinda, þeirra sjálfra, maka eða barna eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Sjúkraliðar og aðrir velunnarar stéttarinnar eru beðnir að styrkja "Minningar og styrktarsjóð" Sjúkraliðafélags Íslands með kaupum á minningarkortum, ef tilefni er til vegna andláts vinar eða ættingja.



Kortin eru til sölu á skrifstofu félagsins í s: 553 9493/553 9494 Fax: 553 9492



Bréfastassinn

Bréfastassi „Sjúkraliðans“ tekur við og birtir hugmyndir, fyrirspurnir og bréf sem blaðinu berast, ásamt svörum gefi efni bréfanna tilefni til þess. Sjúkraliðar eru hvattir til að skrifa blaðinu um hvaðeina sem þá varðar. Aðstandendur blaðsins ættu að geta tekið við og svarað fyrirspurnum um kjarasamninga, lífeyrismál, veikindarétt, félagsstarfið eða starfsrét-tindi og skyldur sjúkraliða, svo fátt eitt sé nefnt af því sem sjúkraliðar gætu gert sér að erindi.

Fyrirspurnir til einstakra forustumanna, félagsstjórnar eða ábendingar um stefnu samtakanna eða blaðsins verður komið á framfæri við þá sem efni bréfanna eiga erindi við eða best eru fallnir til svara. Að sjálfsögðu verða óskir bréfitara virtar ef óskað er nafnleyndar eða hluti bréfsins eða bréfið í heild sé ekki birt.

Skipan samningsnefndar Sjúkraliðafélags Íslands

Samkvæmt ákv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94, 31. desember 1986 með síðari breytingum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 27. gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands, skipa eftirtaldir félagsmenn samninganefnd félagsins í viðræðum við Samninganefnd ríkisins o.fl. aðila:

*Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.
Valgerður Reginsdóttir, íbúðum aldraðra við Dalbraut.
Guðrún Sverrisdóttir, Grensásdeild Landspítala Fossvogi.
Ester Adamsdóttir, Landspítala v. Hringbraut.
María Ingibergsdóttir, Landspítala Fossvogi.
Halldóra Jónsdóttir, Landspítala, v/Hringbraut.
Birna Ólafsdóttir, Sjúkraliðafélagi Íslands.
Gyða Sveinbjörnsdóttir, Sjúkrahúsi Suðurlands Selfossi.*

Samningnefnd í viðræðum við Launaneftnd sveitarfélaga.

*Helga Dögg Sverrisdóttir, Dalbæ, – Dalvík.
Ólöf Björgvinsdóttir, Garðvangi, – Garði.
Rannveig Gísladótti, Höfða, - Akranesi.*

Samningnefnd félagsins áskilur sér rétt til að kalla sér til aðstoðar fulltrúa starfsfólks séreignastofnana sem eru í samfloti með samninganefnd ríkisins við gerð kjarasamninga við félagið:

Grund og Ás Hveragerði, Sunnuhlíð, Hrafnista Reykjavík og Hafnarfirði, Reykjalundur, Eir, Skjól, Holtsbúð og Skógarbær.

Með samninganefnd sjúkraliða starfar Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ. Nefndin mun auk þess kalla til aðra ráðgjafa og/eða sérfræðinga eftir efnum og aðstæðum, meðan á samningum stendur.



Kjaramálanefnd félagsins 2001 f.v. Gyða Sveinbjörnsdóttir, María Ingibergsdóttir, Guðrún Sverrisdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Birna Ólafsdóttir, Hulda Jónsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir. Á myndina vantar Ester Adamsdóttir.



Fulltrúar félagsins í samningum við Launaneftnd sveitarfélaga: f.v. Ólöf Björgvinsdóttir, Garðvangi Garði, Rannveig Gísladótti, Höfða Akranesi, Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður og Helga Dögg Sverrisdóttir, Dalbæ Dalvík.

FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

NÁMSKEIÐ FYRIR STARFANDI SJÚKRALIÐA
Í SAMSTARFI VIÐ SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS

VORÖNN 2001



Námskeið í febrúar

Ritvinnsla - Word 2000 (20 st.)

31.jan. 1., 5., og 6. feb. Stofa V-23
Svanhildur Pálmadóttir tölvukennari
Verð: 15.000

Sjón og heyrn á efri árum (10 st.)

Bryndís Guðmundsdóttir heyrnarfræðingur og
Lilja Þórhallsdóttir daufblindraráðgjafi
14. og 15. feb. Stofa A-24
Verð: 7.000

Töflureiknir - Excel 2000 (20 st.)

Svanhildur Pálmadóttir tölvukennari
14.,15.,19. og 20. feb. Stofa V-23
Verð: 15.000

Umönnun fólks með langvinnar hreyfiskerðingar (20 st.)

Þórunn Bára Björnsdóttir sjúkraþjálfari og
Guðrún Hildur Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur
21.,22.,26. og 27. feb. Stofa A-24
Verð: 12.000

Uppbygging líkama – lyfhrifafræði náttúrulyfja (20 st.)

Bryndís Þóra Þórsdóttir lyfjafræðingur
21.,22., 26. og 27. feb. stofa A-21
Verð: 12.000

Námskeið í mars

Lyfhrifafræði II – sykursýki, sýkla- og hormónalyf (20 st.)

Eggert Eggertsson lyfjafræðingur
28. feb.,1.,5. og 6. mars. Stofa A-21
Verð: 15:000 (bók innifalinn)

Hjúkrun fólks með vandamál tengd næringu og meltingu (20 st.)

Ólöf S. Sigurðarsdóttir hjúkrunarfræðingur
7.,8.,12. og 13. mars. Stofa A-10
Verð: 12.000

Umönnun fólks með bráð- og langvinn vandamál tengd öndun og öndunarfærum (20 st.)

Dagmar Rósa Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur
7.,8.,12. og 13. mars. Stofa A-11
Verð: 12.000

Árangursrík samskipti á sjúkrastofnunum (20 st.)

Herdís Hólmsteinsdóttir og Unnur Heba
Steinsgrímsdóttir hjúkrunarfræðingar
14.,15.,19 og 20 mars. Stofa A-24
Verð: 12.000

Ritvinnsla Word 2000 - framhald (20 st.)

Svanhildur Pálmadóttir tölvukennari
21., 22., 26. og 27. mars. Stofa V-23
Verð: 15.000

Námskeið í apríl og maí

Tölvupóstur og Netið (20 st.)

Svanhildur Pálmadóttir tölvukennari
17., 18., 23. og 24. apríl. Stofa V-23
Verð: 15.000

Vefsíðugerð í Word (20 st.)

Svanhildur Pálmadóttir tölvukennari
2.,3.,7. og 8. maí. Stofa V-23
Verð: 15.000

Innritun í síma 581 4022 virka daga kl. 11:00-15:00 og á vefsíðunni www.fa.is/simenntun.

Þar er líka að finna nánari upplýsingar um námskeiðin.

Námskeiðin eru kennd á miðvikudögum, fimmtudögum, mánudögum og þriðjudögum kl. 17:00-20.50

Námskeiðin eru skipulögð í samvinnu við Sjúkraliðafélag Íslands